

Samningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), kt. 650309-0220 og Akureyrarkaupstaðar, kt. 410169-6229 (hér eftir nefndur verksali) um sjúkraflutninga á þjónustusvæði heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

1. MARKMIÐ

- 1.1 Meginmarkmið þessa samnings er að allir þeir sem búa, starfa og/eða dvelja á þjónustusvæði samningsins njóti að lágmarki þeirrar sjúkraflutningsþjónustu sem skilgreind er í 28. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, sbr. kröfulýsingum um sjúkraflutninga skv. gr. 4.1.

2. ÞJÓNUSTUSVÆÐI

- 2.1 Þjónustusvæði sjúkraflutninga sem verksali annast er auk Akureyrar; Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandahreppur, Grýtubakkahreppur og sá hluti Þingeyjarsveitar sem áður hét Hálshreppur. Skynsamleg flotastýring sjúkrabifreiða getur þó falið í sér þjónustu út fyrir þjónustusvæðið.

3. VERKEFNI

- 3.1 Verksali tekur að sér að annast sjúkraflutninga á þjónustusvæðinu skv. 28. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008, sbr. kröfulýsingum skv. gr. 4.1., þ.e.:
- 3.1.1 sjúkraflutninga í sjúkrahús þar sem flutningsþörf er svo bráð og heilsu sjúklings svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum,
 - 3.1.2 flutninga sjúklinga frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar (utan stofnunar) þegar þeir verða ekki fluttir eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum,
 - 3.1.3 sjúkraflutninga frá öldrunarstofnunum á þjónustusvæðinu sem pantaðir eru af viðkomandi öldrunarstofnun og farnir til sjúkrahúsa innan þjónustusvæðisins,
 - 3.1.4 flutninga sjúklinga milli sjúkrahúsa / frá sjúkrahúsi á öldrunarstofnun / frá sjúkrahúsi í sérhæfða heilbrigðisþjónustu og til baka, sem pantaðir eru af sjúkrahúsini sem sendir sjúklinginn,
 - 3.1.5 flutninga sjúklinga milli bygginga sjúkrahúss sem pantaðir eru af sjúkrahúsini,
 - 3.1.6 aðra sjúkraflutninga milli stofnana.
- 3.2 Auk þess sem segir í gr. 3.1. skal verksali annast flutninga út fyrir þjónustusvæðið þegar um er að ræða aðstoð við aðra sjúkraflutningsaðila.
- 3.3 Verksala er kunnugt um samning SÍ við Rauða kross Íslands um útvegun og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga ásamt kröfulýsingum dags. 6. desember 2012.
- 3.4 Vegna aukins álags mun verksali fyrir 1. september nk. fjölga um einn sjúkraflutningamann á dagvakt alla daga ársins.

4. KRÖFULÝSING

- 4.1 Um þjónustuna gildir kröfulýsing heilbrigðisráðuneytisins fyrir sjúkraflutninga dags. 25. maí 2010 og telst hún vera hluti samnings þessa.
- 4.2 Í kröfum nr. 74 í kröfulýsingum eru settar fram kröfur um viðbragðstíma annars vegar í þéttbýli og hins vegar í dreifbýli. Með dreifbýli er í þessu tilviki átt við byggðarlög utan Akureyrar. Sjúkrabifreiðar verksala eru staðsettar á Akureyri.

5. VERÐGRUNDVÖLLUR OG VERÐBÆTUR.

- 5.1 SÍ greiða verksala fyrir sjúkraflutninga skv. gr. 3.1 og 3.2 með sjúkratryggðan einstakling og fyrir önnur umsvif á þjónustusvæðinu tengd sjúkraflutningum mánaðarlegar greiðslur að upphæð kr. 13.583.333,-.
- 5.2 Verksala er heimilt, til viðbótar greiðslu samkv. lið 5.1, að innheimta fyrir sjúkraflutninga út fyrir þjónustusvæðið, sbr. gr. 3.1.4 - 3.1.6, hjá viðkomandi stofnun sem pantar sjúkraflutning. Gjald fyrir hvern flutning skal vera kr. 14.538- fyrir hvern byrjaðan hálftíma frá því bíll leggur af stað í sjúkraflutning frá starfsstöð verksala (slökkvistöðinni á Akureyri) og þær til hann er kominn til baka inn á þjónustusvæði verksala. Á meðfylgjandi fylgiskjali er gjaldskrá fyrir flutninga út fyrir þjónustusvæði verksala. Ef flutningsstaður er ekki í gjaldskrá er rukkað samkvæmt ofangreindu hálftímagjaldi.
- 5.3 Fyrir sjúkraflutning með EES-borgara er verksala heimilt að krefja SÍ um kr. 42.600 fyrir hverja byrjaða klukkustund, sbr. reglugerð nr. 1177/2017, og breytist gjaldið í samræmi við síðari breytingar á reglugerðinni.
- 5.4 Verksala er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustuna hjá ósjúkratryggðum sjúklingum, sbr. reglugerð nr. 1177/2017, og breytist gjaldið í samræmi við síðari breytingar á reglugerðinni.
- 5.5 Greiðslur miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum bótakröfum frá notendum þjónustu.
- 5.6 Fjárhæð í gr. 5.1 breytist í fyrsta skipti 1. janúar 2019 og eftir það 1. janúar og 1. júlí ár hvert, ef reynir á framlengingar samnings. Skal 80% taka breytingum miðað við breytingar á launavísitölu og 20% miðað við vísitölu neysluverðs. Miðað er við vísitölur í nóvember og maí ár hvert ef reynir á framlengingar. Í nóvember 2017 var launavísitala 631,6 og vísitala neysluverðs 446,0 stig og eru þær vísitölur grunnur samnings þessa. Hálftímagjald í gr. 5.2 breytist í fyrsta skipti 1. júlí 2018 og eftir það 1. janúar og 1. júlí ár hvert, ef reynir á framlengingar samnings, í samræmi við gr. 7.1 í samningi SÍ og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.
- 5.7 Ef fluttir eru tveir eða fleiri sjúklingar í sömu ferð reiknast það sem einn flutningur og deilist gjaldið niður á greiðsluaðila ef við á.

6. GREIÐSLUTILHÖGUN.

- 6.1 SÍ greiða verksala, sbr. gr. 5.1, fyrsta virka dag hvers mánaðar gegn framlögðum reikningi.
- 6.2 Greiðsla SÍ skal lögð inn á bankareikning verksala, 0565-26-44 hjá Íslandsbanka.
- 6.3 Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi fyrir tíunda dag mánaðar ber SÍ að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti.
- 6.4 Verksali gerir mánaðarlega reikninga fyrir þjónustu skv. gr. 5.2 á hendur viðkomandi stofnunum.
- 6.5 SÍ geta hvenær sem er skriflega óskað skýringa á reikningi og ber verksala að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:
 - greiða reikning með fyrirvara
 - hafna greiðslu reiknings.

7. ÁBYRGÐ.

- 7.1 Verksali ber alla ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með talið verkum undirverktaka, og auk þess því tjóni er SÍ eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess, að því undanskyldu að náttúruvá, hernaður eða aðrar hliðstæðar ytri aðstæður komi í veg fyrir að verksali geti innt þjónustuna af hendi.
- 7.2 Verksali skal hafa allar skyldutryggingar sem lög, reglugerðir og kjarasamningar kveða á um, þ.á.m. sjúklingatryggingu, skv. lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og reglugerð nr. 763/2000 um vátryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu. Verksali ber sjálfur kostnað af tjóni sem hann tryggir sig ekki gegn.
- 7.3 Verksali framfylgir ákvæðum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga og almennum reglum stjórnsýsluréttar vegna þeirrar stjórnsýslu sem honum er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu sem hann veitir samkvæmt samningnum.
- 7.4 Greiðsla sjúkratryggðra í kostnaði við sjúkraflutninga er nú kr. 6.700,- fyrir sjúkraflutning, sbr. reglugerð, nú nr. 225/2018 um greiðslubáttnöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Rauði kross Íslands sér nú um innheimtu gjaldsins.

8. PAGNARSKYLDNA.

- 8.1 Verksali og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitnesku um við framkvæmd samnings þessa og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 12. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og getur brot varðað refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

9. FJÁRREIÐUR OG FJÁRHAGSLEGAR RÁÐSTAFANIR.

- 9.1 Verksali skal afla samþykkis SÍ til hvers konar óvenjulegra fjárhagslegra ráðstafana í tengslum við samninginn sem ekki verða leiddar beint af samningnum eða fara í bága við hann.
- 9.2 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga og laga nr. 145/1994 um bókhald.

10. UPPLÝSINGASKYLDA.

- 10.1 Verksali skal ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl 2019 endurskoðaðan þann hluta ársreiknings verksala (Akureyrarbæjar) vegna ársins 2018 ásamt talnalegum upplýsingum úr árskýrslu verksala, sem snerta þennan rekstur og síðan árlega eftir það. Tilgreina skal upplýsingar um fjölda flutninga eftir forgangi; fjölda hreyfinga, fjölda sjúkraflutninga, fjölda flutninga þar sem fleiri en einn bíll fer í útkall, fjölda sjúkraflutninga út fyrir þjónustusvæðið, fjölda millistofnanaflutninga og fjölda annarra flutninga. Jafnframt skal tilgreina árangur í viðbragðstíma.

11. VANEFDIR, VANEFDARÚRRÆDI.

- 11.1 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar geta SÍ rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg, enda hafi SÍ áður gert verksala viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta, sbr. 48. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.
- 11.2 Hafi SÍ rift samningi vegna vanefnda verksala getur hann krafíð verksala um þann kostnaðarauka sem af samningsrofinu kann að leiða og getur endurkrafíð verksala um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi frá dagsetningu viðvörunarbréfs skv. gr. 11.1. SÍ geta jafnframt krafíð verksala um bætur fyrir annað tjón eftir almennum reglum.
- 11.3 Ákvæði gr. 11.1 og 11.2 gilda eftir því sem við á um vanefndir SÍ gagnvart verksala.

12. SKULDSKEYTING – UNDIRVERKTAKAR.

- 12.1 Verksala er óheimilt, án samþykkis SÍ, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum samkvæmt samningi þessum í sinn stað, að hluta eða að fullu.
- 12.2 Ef verksali felur undirverktaka að taka að sér einstaka þjónustuþætti samkvæmt samningi þessum, að fengnu samþykki SÍ, breytast í engu samningsskyldur verksala gagnvart SÍ.

13. MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA, RÉTTARFAR.

- 13.1 Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

14. BREYTINGAR Á SAMNINGI.

- 14.1 Séu aðilar sammála um breytingar á ákvæðum samnings þessa skal gera þær skriflega.

15. GILDISTÍMI.

- 15.1 Samningur þessi er gerður í framhaldi af samningi dags. 8. júlí 2016 um sjúkraflutninga á svæði heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, sem síðan var framlengdur til og með 31. desember 2017. Samningur þessi gildir frá og með 1. júní 2018 til og með 31. desember 2019. Möguleiki er á framlengingu í eitt ár í senn, að hámarki þrisvar sinnum. Samningur þessi öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra.
- 15.2 Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstíma skal starfað áfram eftir samningi þessum einn mánuð í senn meðan báðir aðilar samþykkja.

11
B

16. FYRIRVARAR.

16.1 Fjárhagslegar skuldbindingar í samningi þessum eru með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir í fjárlögum.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABRIGÐA.

Uppgjör vegna janúar - maí 2018:

SÍ hafa þegar greitt verksala kr. 72.916.665- vegna verkefnisins á tímabilinu janúar – maí 2018. Ef samningur hefði verið í gildi frá janúar – maí 2018 hefðu SÍ greitt verksala kr. 67.916.667-. Samningsgreiðsla skv. gr. 5.1 lækkar sem því nemur og mánaðarleg greiðsla verður kr. 12.869.048- júní – desember 2018.

Reykjavík, . júní 2018.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Staðfesting heilbrigðisráðherra

F.h. Akureyrarkaupstaðar

*m. fyrirvara um staðfestingu
verðmála*
Oscar


**Fylgiskjal – Gjaldskrá fyrir millistofnanaflutninga út fyrir heilsugæsluumdæmi
Akureyrar**

Staðir:	Vegalengd* aðra leiðina	2 menn Tími- áætlað	Byrjaðir hálftímar	Hálftímataxti	Pr. ferð Heildar- kostnaður
				2018	
Hvammstangi	196	5,4	11	14.538	159.918
Blönduós	144	4,1	9	14.538	130.842
Sauðárkrókur	120	3,5	7	14.538	101.766
Varmahlíð	94	2,9	6	14.538	87.228
Siglufjörður	77	2,4	5	14.538	72.690
Dalvík/Hrísey	44	1,6	4	14.538	58.152
Ólafsfjörður	61	2,0	4	14.538	58.152
Húsavík og nágr.	88	2,7	6	14.538	87.228
Mývatn	96	2,9	6	14.538	87.228
Þórshöfn	246	6,7	14	14.538	203.532
Vopnafjörður	229	6,2	13	14.538	188.994
Egilsstaðir og nágr.	260	7,0	14	14.538	203.532
Seyðisfjörður	287	7,7	16	14.538	232.608
Eskifjörður	309	8,2	17	14.538	247.146
Neskaupstaður	327	8,7	18	14.538	261.684
Keflavík	428	11,2	23	14.538	334.374
Borgarnes	308	8,2	17	14.538	247.146

*M.v. Stystu vegalengd, ath. Vaðlaheiðargöng ekki opnuð enn, áætlað haust 2018

Áætlaður tími m.v. 80 km hraða fram og til baka + hálf klst til að sækja sjúkling, skila sjúklingi